



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 25.03.2020

Kl.: 16:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

## Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

**Alvarleg veikindi:**

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi smitaðra hér á landi er nú 737 staðfest smit og 681 eru í einangrun, þannig að 56 hefur batnað. Alls eru 323 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 194 smita.

Samtals hafa um 11.727 verið tekin, þar af 357 síðastliðinn sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi hafa tveir látist.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 15 innlagðir sjúklingar á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 2 á gjörgæslu. Þá hefur 56 einstaklingum batnað og 12 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum

### 25. upplýsingafundur, 25. mars, 2020.

Þáttakendur á fundinum voru Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller landlæknir, Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítala og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn sem stjórnaði fundinum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir á fundinum að samtals hefðu nú greinst 737 smit á Íslandi, þar af 80 ný smit í gær. Þórólfur greindi frá því að tveir væru á gjörgæslu og einn í öndunarvél. Hann sagði að faraldurinn væri ennþá í vexti en að von væri á nýrri spá úr reiknilíkani Háskóla Íslands í dag. Tölur um meðalaukningu sýkinga sýndu þó enn að meðalaukning smita væri með því minnsta í Evrópu. Hann sagði að hlutfall smita væri 17% úr sýnatökum hjá sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, sem væri sambærilegt og áður. Þórólfur sagði að 57% þeirra sem greindust í gær hafi verið í sóttkví, það staðfestir árangur af starfinu undanfarið.

Þórólfur fjallaði um smit hjá börnum yngri en 10 ára. Af 400 sýnum hafa 15 greinst eða 3,7% og ekkert barn hafi greinst í sýnatöku hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hann sagði að þetta væru sambærilegar tölur og á Norðurlöndum. Niðurstaðan

væri sú að mjög lítið væri um smit hjá börnum. Þórólfur sagði að áfram væri hvatt til sömu aðgerða – að greina snemma, setja í sóttkví, takmarka samkomur og halda fjarlægðarmörk. Með því móti mætti hefta útbreiðslu sem mest og verja viðkvæmstu hópana.

Hann greindi frá því að 2.000 nýir sýnatökupinnar hafi komið til landsins í dag og 3.200 væru því til í dag. Ekki yrði því skortur á næstunni. Þá væru pinnar frá Össuri enn í gæðarannsóknnum en endanleg niðurstaða fengist vonandi í dag. Hann sagði að landlæknir og sóttvarnalæknir hafi í gær sent bréf til skólastjórnenda, foreldra til að árétta mikilvægi skólastarfs. Þau teldu ekki þörf á lokun skóla. Mikilvægt væru fyrir velferð barna og vinnuframlag framlínustétta að halda skólastarfi áfram. Ástæða væri til að þakka kennurum kærlega fyrir framlag þeirra og að þau væru hvött til dáða. Þórólfur sagði að hvorki vísindarök né söguleg rök styddu hugmyndir að setja á víðtækt samgöngubann. Árangur væri mögulegur ef 99% samgangna yrðu heftar í mjög langan tíma. Það myndir fresta faraldri í nokkrar vikur en yfirgnæfandi líkur væru til að faraldur kæmi síðar. Þetta hafi til að mynda verið raunin árið 1918 í spænsku veikinni.

**Alma D. Möller landlæknir** byrjaði á því að leggja til að við hættum að nota orðið smitskömm. Enginn geti gert að því að smitast og réttast væri að snúa bökum saman og láta ekki veiruna komast upp á milli okkar. Það væri því rík ástæða til að þakka þeim sem sitji þolinmóðir í sóttkví.

Alma tók undir þakkir til kennara og foreldra en minnti einnig alla á að gæta að eigin heilsu, svefn og andleg heilsu. Börn finndu fljótt fyrir líðan foreldra. Hún hrósaði sérstaklega gluggabangsaverkefninu. Hún færði þeim einnig þakkir sem hafa sýnt okkur þrýykinu stuðning og kveðjur.

Alma sagði frá vinnu við hönnun á sérstöku smitrakninga-appi. Sóttvarnalæknir héldi utan um gögnin og einu persónulegu gögnin sem nýtt væru eru símanúmer. Unnið væri náði með Persónuvernd við þróun þess. Ef til þess kæmi að appið yrði notað þurfi fólk sjálft að setja upp appið og samþykkja það. Ef til þess kæmi að smitrakningateymið vilji nýta upplýsingar úr appinu þurfi notandi að samþykkja að nýju. Öryggi kerfisins verður tekið út af óháðum aðila, í góðu samráði við Persónuvernd. Hún hrósaði sérstaklega og þakkaði starfsfólki Persónuvernd fyrir samstarfið. Alma sagði að enn fjölgaði í bakvarðasveit heilbrigðiskerfisins. Það væri nauðsynlegt til að búa okkur undir það versta. Alls væru nú 710 í bakvarðasveitinni. Einnig væri bakvarðasveit velferðarþjónustu öflug á vegum félagsmálaráðuneytisins.

**Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítala** fjallaði um veruleikann á spítalanum og tilfinningalíf sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks. Ástandið hafi mjög einangrandi áhrif á alla en þar sé fengist við lífið og dauðann á hverjum degi – börn fæðist og fólk deyi af ýmsum öðrum ástæðum en kórónaveirunni. Hann segir starfsfólk spítalans finna til með fjölskyldum sem hafi takmarkaðan aðgang að sínum nánustu.

Hann sagði að útfarir hafi tekið miklum breytingum vegna ástandsins. Þær hefðu sterkari samfélagslega stöðu hér á landi en víða annars staðar vegna smæðar samfélagsins. Fólk komi þar saman til að styðja hvert annað. Hann sagði að unnið væri að því að mæta fólki í þessum aðstæðum. Sumir hafi valið að kistuleggja en fresta útför. Þá væri hinn látني brenndur og athöfnin fari fram síðar. Fólki þætti þetta þó afar erfitt og það væri eðlilegt.

Vigfús sagði að heilbrigðisstarfsfólk finni til mikillar ábyrgðar gagnvart sjúklingum sínum og að margir óttuðust að smita sjúklinga og

Vigfús flutti loks kveðju frá Agnesi biskupi Íslands sem sendi þakkir til allra þeirra mikilvægu stétta sem væru að vinna í hringiðunni og veita þjónustu á erfiðum tímum. Hún minni einnig fólk á þjónustu þjóðkirkjunnar fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Við stæðum frammi fyrir líkamlegri og tilfinningaleg vá. Vigfús sagði þó að við sem þjóð hefðum sýnt og sannað að við getum staðið vel saman.

**Víðir Reynisson**, yfirlöggregluþjónn átti lokaorðin á fundinum. Hann upplýsti að almannavörnum bærust fjölmargar fyrirspurnir um fyrirhugaða tímalengd á samkomubanni og páskafrí. Samkomubann yrði að óbreyttu í gildi til 13. apríl nk. en páskadagur væri einmitt 12. apríl.

Víðir minnti á að það eina sem væri öruggt er að veiran mun ekki taka sér frí yfir páskana. Hann hvatti því Íslendinga til að halda þá hátíðlega heima við. Hann nefndi einnig að mikilvægt væri að hafa í huga að sömu reglur gilda um sóttkví í sumarbústöðum og á heimilum líkt og lögreglan á Suðurlandi hafi bent réttilega á.

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19

### Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun og uppfærður reglulega. Hann er sem stendur á íslensku, ensku og pólsku. Einnig eru valdar upplýsingar arabísku, spænsku, kúrdísku, litháísku, persnesku og taílensku. Nú er kominn möguleiki á að skoða og prenta út ýmis [veggspjöld sem hafa komið út](#).

**Rauði krossinn.** Mikið álag er á Hjálparsímanum 1717 og sem dæmi voru tæp 3500 símtöl í síðustu viku en meðalvika er um 250 símtöl og rest er áframsent frá 1700 og símtöl tengd COVID. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins manna farsóttarhús á Rauðarárstíg og á Akureyri. Félagsþjónusta víða um land hefur verið í samstarfi við RK um stuðning við fólk sem er í sóttkví eða einangrun. Í skoðun er þörf á frekari stuðning við aðra hópa svo sem innflytjendur og flóttafólk.

**Verkefni björgunarsveita.** Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjörg hafa unnið ötullega að undirbúningi vegna Covid-19. Björgunarsveitir eru að huga að eigin smitvörnum til að tryggja órofinn rekstur. Þegar hafa komið upp tilvik þar sem björgunarsveitir hafa orðið útsettar fyrir fólki með bæði með grun um Covid smit og staðfest smit. Af þessum sökum eru björgunarsveitir m.a. að skipta útkallsliði niður í hópa sem munu ekki hafa samgang til að tryggja, að smit eins nái ekki að lama heila björgunarsveit. Einnig er verið að ganga frá aðskilnaði farþegarýmis og framsæta í bifreiðum til að lágmarka líkur á smitum innan bifreiða því ekki er óalgengt að taka þurfi þá sem þurfa aðstoð björgunarsveita inn farartæki í björgunarsveita. Þó svo að sjúkraflutningar séu ekki formlega skilgreindir sem verkefni björgunarsveita þá lenda björgunarsveitir oft í sjúkraflutningum annað hvort vegna ófærðar eða slysa á hálendinu. Búið er að senda sérhæfðan sóttvarnabúnað (hanska, sloppa, gleraugu og grímur) á þær björgunarsveitir þar sem líkur eru á að færð geti spillt og langt er í sjúkrabíl.

**Heilbrigðistarfsmenn** í Samhæfingarstöðinni eru að skoða húsnæði, sem nota mætti sem varasjúkrahús í samstarfi við Landspítalann. Jafnframt eru þeir að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19

### Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður fimmtudaginn 26. mars kl. 9:00.

### Samráð og frekari upplýsingar

- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns](#)
- [Rafræn útgáfa vottorða til staðfestingar á sóttkví](#). Þeir sem þurfa að sitja í sóttkví geta nú sjálfir skráð upplýsingar inn á vefinn heilsuvera.is og fengið vottorð þar að lútandi. Vottorðin eru án endurgjalds. Vakin er athygli á því að skráning á heilsuveru krefst þess að notandi sé með rafræn skilríki. Þau sem eru ekki með rafræn skilríki þurfa að hafa samband við heilsugæsluna sína til að tilkynna sig í sóttkví. Þau sem þurfa að fá vottorð en eru ekki með rafræn skilríki senda póst á netfangið [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)
- [Bréf sóttvarnalæknis og landlæknis til skólastjórnenda, kennara og foreldra.](#) Mikilvægi þess að nemendur í leik- og grunnskólum haldi áframað sækja skóla þrátt fyrir takmarkanir á skólastarfi
- [Góð ráð vegna COVID-19 til þeirra sem eiga langveik börn og ungmenni.](#)
- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar](#) Enn bætast við nýjar heilbrigðisstéttir í hóp bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar sem fer ört stækkandi

- Atvinnuvegaráðuneytið, ásamt MAST og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp [bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum](#). Bændur hafa einnig gert sinn eigin útkallslista.
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum](#). Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Upplýsingar sendar til samtaka sveitarfélaga varðandi samkomubann og börn](#). Skólar, leikskólar og íþróttafélög hafa skipulagt vandlega fyrirkomulag næstu daga og vikur til að fara eftir fyrirmælum heilbrigðisráðherra um takmarkanir á skólastarfi og samkomum. Ensk þýðing í vinnslu.
- Leiðbeiningar v/ [Börn í sóttkví – leiðbeiningar og tillögur til forráðamanna](#) og [Börn með sérþarfir í sóttkví](#)
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn](#). Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.
- Á [vef Vinnumálastofnunar](#) verður hægt að sækja um greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Þetta er tímabundið ástand sem vonandi tekur skamman tíma. Mikilvægt að halda vinnusambandi svo þekking tapist ekki. Leiðbeiningar eru á vefnum á íslensku, ensku og pólsku. Einnig spurt og svarað á vef þeirra. Almennar umsóknir um atvinnuleysisbætur eru einnig einfaldaðar á vefnum. Eru með símaþjónustu á pólsku frá kl. 13-15 og reiknivél á vefnum til að skoða minnkað starfshlutfall og áætlaðar tekjur. Unnið í gegnum vef og síma. Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum. Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman.
- Sjá [fyrirmæli landlæknis um að hætta valkvæðum aðgerðum](#) þannig að unnt sé að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/Decode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- [Leiðbeiningar fyrir starfsmenn í sambýlum 2, sent 23. Mars 2020](#)
- Varist vefsvindl og svik á tímum COVID-19. [Sjá frétt á vef Almannavarnadeildar RLS.](#)
- Tölfræðispá Háskóla Íslands er birt á vef [www.covid.hi.is](http://www.covid.hi.is)
- **Undanþágubeiðnir þurfa berast víða að til heilbrigðisráðuneytis [hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is)**

## Staða mála


Ísland - staðan í dag



# COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

## Fjöldi sýna eftir dögum



Download data

## Fjöldi smitaðra eftir dögum



Download data

## Heildartölur

**737**  
staðfest smit

**669**  
í einangrun

**15**  
á sjúkrahúsi

**2**  
á gjörgæslu

**68**  
batnað


**9.013**  
í sóttkví

**2.096**  
lokið sóttkví

**11.727**  
sýni


Af þeim sem greinst hafa með Covid-19 á Íslandi eru tvö látin.

## Fjöldi smitaðra eftir kyni



Download data

## Uppruni smits



Download data


## Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæðið	578	4804
Suðurnes	34	422
Suðurland	84	1178
Austurland	2	123
Norðurland eystra	11	369
Norðurland vestra	16	405
Vestfirðir	1	215
Vesturland	5	283
Óstaðsett	6	1211
Útlönd	0	3

Download data


## Fjöldi smitaðra eftir aldri



Download data

## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví

47%



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 436,159 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 19,625 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa **111,822 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuögn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

### Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins.

Dagana 20.-23. mars hefur borgarþjónustan sinnt hátt í 900 erindum, samanborið við 2000 erindi dagana 14.-19. mars. Fyrirspurnum hefur því fækkað nokkuð en þær verða að sama skapi flóknari viðureignar. Töluvert hefur borið á því að Íslendingar eigi í erfiðleikum með að finna greiða leið heim vegna landamæralokana og hertra skilyrða fyrir millilendingum.

Unnið er með Norðurlöndunum að því að fylgjast með flugframboði og kortleggja hvar Norðurlandabúar eru niður komnir sem gæti þurft að sækja ef þeir verða alveg innlyksa.

Helstu upplýsingar úr grunni borgarþjónustunnar:

Frá 25. febrúar 2020 þegar grunnurinn var opnaður, hafa 10500 manns skráð sig. Af þeim eru 6000 manns komnir heim.

Frá 20. mars 2020 hafa 1000 manns skráð sig í grunninn.

Um 4500 manns sem eru skráðir í grunninn eru enn erlendis, þar af:

Tæplega 1000 með áætlaða heimför fyrir mánaðamót

Um 1000 með áætlaða heimför næstu tvo mánuði

Um 2500 eru skráðir með óvissan heimferðardag, sem bendir til þess að þau dvelji langdvölum erlendis.

[Grunnur borgarþjónustunnar.](#)

[Afskráning fyrir þá sem eru komnir heim.](#)

Grunnurinn gefur góða vísbandingu um stöðuna en unnið er að því að greina upplýsingarnar enn betur. Yfir 4200 manns hafa brugðist við beiðni utanríkisráðuneytisins um að afskrá sig þegar heim er komið svo að ráðuneytið hafi sem gleggsta mynd af stöðunni. Áfram eru allir Íslendingar sem eru á ferðalagi erlendis, og þeir sem dveljast þar langdvölum en hyggja á heimkomu, hvattir til að skrá sig í grunninn.

Lang stærsti hópurinn er enn á Spáni. Af rúmlega 3000 manns sem þar voru skráðir 19. mars virðist um helmingurinn hafa snúið heim nú þegar en þar eru ríflega 1500 manns skráðir nú. Enn ber að hafa í huga að einhverjir gætu hafa flýtt heimferðadegi án þess að tilkynna um það og að Íslendingar búsettir á Spáni virðast margir ætla að vera þar áfram.

Um 600 eru skráðir í Bandaríkjunum, Rúmlega 460 manns eru skráðir á Norðurlöndunum, 260 manns í Bretlandi og nokkur fjöldi skráður í Slóvakíu og Ungverjalandi þar sem Íslendingar stunda gjarnan læknánám.

Borgarþjónustan vinnur náið með borgarþjónustum Norðurlandanna til að fylgjast með flugframboði til Norðurlanda svo hægt sé að koma þeim Norðurlandabúum til aðstoðar sem eiga á hættu að verða strandaglópar, ekki síst í fjarlægari ríkjum.